



REGLUR

um leikskólaþjónustu í Fjarðabyggð

Leikskólar Fjarðabyggðar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 en námskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs.

Fjarðabyggð starfrækir leikskóla í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Á heimasíðu Fjarðabyggðar er að finna ýmsar upplýsingar um leikskólana.

Reglur um leikskólaþjónustu í Fjarðabyggð gilda um umsókn og innritun í leikskólana og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Umsókn og innritun

Umsókn og innritun í leikskóla fer fram hjá hverjum leikskóla en umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðum leikskólanna undir tenglinum „Um leikskólann - leikskólaumsókn“. Leikskólastjórar aðstoða við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl ef þess er óskað.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl við eins árs aldur. Sækja má um vist í leikskóla um leið og kennitala barns hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í 4. gr. um forgang. Hægt er að leggja inn umsókn fyrir sama barn í fleiri en einn leikskóla í Fjarðabyggð. Þrátt fyrir að barnið sækir leikskóla í annan byggðakjarna getur það engu að síður verið áfram á biðlista í sínum byggðakjarna.

Í þeim byggðarkjörnum þar sem leikskólar eru með biðlista með börnum eldri en eins árs, er boðið upp á þjónustu dagforeldra, sé hægt að koma því við.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir inngöngu í leikskóla er að barn eigi lögheimili í Fjarðabyggð. Barnið getur verið á umsóknarlista þótt lögheimili sé annars staðar. Undantekningu frá kröfu um lögheimili í Fjarðabyggð má veita en þá skal liggja fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Fjarðabyggð hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum.

Foreldrar/forráðamenn barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Fjarðabyggð. Það er skilyrði að foreldrar/forráðamenn og barn séu með fasta búsetu Fjarðabyggð, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megir ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Fjarðabyggð. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Fjarðabyggð með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016 þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Fjarðabyggð.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að



dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Fjarðabyggð.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Fjarðabyggð þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Úthlutun er einnig háð því skilyrði að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með leikskólagjöld. Ef um þriggja mánaða vanskil er að ræða er, að undangenginni viðvörðun, heimilt að segja upp dvalarsamningi.

3. Úthlutun leikskólarýma, dvalarsamningur og uppsögn foreldra/forráðamanna

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að sækja um leikskóla sem fyrst. Aðalinnritun í leikskóla fer fram í apríl-maí og þá er úthlutað leikskólarýmum þeirra barna sem útskrifast.

Leikskólaganga hefst hjá flestum á tímabilinu júlí til september.

Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskóla fá foreldrar/forráðamenn sent bréf með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólavistun innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum/forráðamönnum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista, að undangengnu viðtali við foreldra/forráðamenn, og öðru barni boðin vistun.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum/forráðamönnum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi þeir ekki leikskólavistun strax, gefst þeim kostur á að halda henni í allt að fjórar vikur svo fremi að dvalargjald sé greitt. Einnig geta foreldrar/forráðamenn sótt um leyfi fyrir barn í allt að fjórar vikur á meðan á leikskóladvöl stendur og haldið dvalarsamningnum svo fremi að dvalargjald sé greitt.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar/forráðamenn með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar/forráðamenn að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Fjarðabyggðar og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi miðast við 20. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

4. Forgangur að leikskóla

Leikskólastjóra er heimilt að veita sérstakan forgang að leikskóla til barna ef sérstakar aðstæður mæla með því. Forgangur má veita til...

- a) ...fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja.
- b) ...barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja.
- c) ...barna sem búa við alvarleg veikindi eða alvarlega fötlun hjá fjölskyldumeðlimum. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- d) ...barna foreldra sem eru undir lögaldri (18 ára).
- e) ...barna einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- f) ...þrjúbura.



5. Opnunartími - skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu klukkustund að hámarki á dag.

Leikskólar eru lokaðir fimm daga á ári vegna skipulagsdaga. Við gerð skóladagatala er miðað við að skipulagsdagar séu hafðir á sama tíma og frídagur nemenda í grunnskólum eftir því sem því verður við komið. Einnig eru leikskólar lokaðir 24. og 31. desember. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Börn sem dvelja í leikskólum Fjarðabyggðar taka að lágmarki fjögurra vikna sumarleyfi. Foreldrar/forráðamenn geta boðið börnum sínum upp á sex vikna og átta vikna sumarleyfi samfelld. Leikskólagjöld falla niður í einn mánuð, einn og hálfan mánuð eða tvo mánuði eftir lengd sumarleyfis.

Sumarleyfi leikskólanna í Fjarðabyggð spanna u.þ.b. tvo mánuði. Foreldrum/forráðamönnum gefst því tækifæri til að færa börn á milli leikskóla og fyrirtæki sem sækja vinnuafli í marga byggðarkjarna eiga þannig auðveldara með að verða við óskum starfsmanna um sumarleyfi.

6. Gjaldtaka

Fjarðabyggð greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Fjarðabyggðar. Foreldrar/forráðamenn greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokölluð dvalargjöld. Einnig greiða þeir hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokölluð fæðisgjöld. Dvalargjöld og fæðisgjöld nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Leikskólagjöld á hverjum tíma eru samkvæmt gjaldskrá leikskóla Fjarðabyggðar og er hún birt á heimasíðu sveitarfélagsins undir liðnum gjaldskrár.

Eftirfarandi afslættir eru veittir af dvalargjöldum:

- a) systkinaafsláttur – 50% afsláttur á annað barn og 100% á börn umfram tvö.
- b) afsláttur til einstæðra foreldra – 30% afsláttur á barn. Staðfesting liggja fyrir um að viðkomandi sé einstætt foreldri.
- c) afsláttur til námsmanna ef báðir foreldrar eru í fullu námi – 30% afsláttur á barn. Staðfesting liggja fyrir um að viðkomandi sé í fullu námi.

Sækja þarf um afslátt undir liðum a, b og c. Hægt er að fá fæðisgjöld felld niður ef barn er fjarverandi 10 skóladaga samfelld eða lengur. Hægt er fá dvalargjöld niðurfelld að hálfu ef um veikindi barns er að ræða sem varað hafa í fjórar vikur eða lengur. Leikskólastjóra er heimilt að kalla eftir læknisvottorði. Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra eru metin af leikskólastjórum í hvert sinn.

Afsláttur frá dvalargjöldum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri/forráðamaður hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Leikskólar Fjarðabyggðar eru lokaðir í 4 vikur vegna sumarleyfa. Leikskólagjöld eru greidd í 11 mánuði á ári. Óski foreldrar eftir 6 vikna eða 8 vikna samfelldu sumarleyfi greiða þeir 10 ½ eða 10 mánuði á ári svo framarlega að sumarleyfið sé í beinu framhaldi af sumarlokun leikskóla. Beiðni um slíkt þarf að berast leikskólastjóra fyrir þann tímafrest sem leikskólastjóri setur.



7. Innheimta leikskólagjalda

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Eindagi er 15. hvers mánaðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann mánuð sem leikskólinn er lokaður (júlí). Séu leikskólagjöld ógreidd á eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf. Hafi krafa ekki verið greidd tveimur vikum eftir eindaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um og greiða skuldina hjá innheimtufyrirtæki en einnig er hægt að snúa sér til fjármálasviðs Fjarðabyggðar um ráðgjöf. Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 105 dögum frá eindaga. Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangengnu samþykki fræðslustjóra.

Fjarðabyggð 31. ágúst 2018

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi fræðslunefndar 22. ágúst 2018.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 28. ágúst 2018.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 30. ágúst 2018.